

Lýsing á svarðartekju í Skógargærði.

Svarðartekja í Skógargærði var skammt frá bænum um 70 metra, það voru nokkur hlunnindi að hún var svo nærtæk. Þetta svæði var kallað Sund en þó breiðara en það nafn gefur til kynna. Náði frá gamla túnfætinum upp að Miðás en mjókkaði svo í þröngt sund út á milli Kvíabóls og Kvíahrauns. Þangað lá útrennsli út gröfunum. Móts við Kvíahraun var kominn geysimikill halli á sundið. Þangað var grafinn skurður áður en hægt var að taka fyrstu gröfina. Hann var dýpstur við grafirnar en grynkaði svo því landhalli var strax. Djúpt og þröngt sund, Bæjarsund kemur að innan með vatn út á þetta svarðargrafarsvæði. Af því að svörðurinn var betur fyrir neðan jarðvatnsstöðu varð að losna við það sem lengst niður. Þarna var hægt að grafa meira en meter niður fyrir vatnsborð sem kallað var en vatnsborðið varð aldrei lægra en botninn í frárennslisskurðinum. Þó skurðurinn væri mikið mannvirki hefði hann þurft að vera mun dýpri. Grafirnar voru teknar hlið við hlið aflangar um 6m að lengd og 2,5m að breidd. Þegar komið var niður að vatnsborði í gröfinni sem tekin hafði verið árið áður varð að skilja eftir vegg á milli þeirra til að halda vatninu frá og stinga niður fjórar rekustungur og kannski á fimmtu. Þá endaði með því að botninn fór að bunga upp og brast svo undan þrýstingi frá vatninu í gömlu gröfinni sem stóð meter hærra. Vatnið sem þarna ruddist upp var afar ljótt á litin og með jöklaþýlu. Strundum brast milliveggurinn á milli grafanna áður en búið var að fullnýta niður. En það var mikið lurkalag nokkru fyrir ofan botninn, góður svörður til brennslu, líklega fyrra mýrarskeið. Annað lurkalag var um eða ofan við vatnsborð, síðara mýraskeið. Svart og þykkt öskulag, líklega 1477, var á miðri leið frá jarðarbrún og niður að vatnsborði. Hnausinn datt æfinlega í sundur um það ef það var stungið með en það var stungið sérstaklega og hent í gömlu gröfina enda ekki eldiviður. Þessi skán var líklega milli 5 og 10 sm þykk. Eitthvað gat hangið við af sverið. Margt hefði mátt sjá um öskulög í þessu 3m háa stáli sem myndaðist á hverju ári en ég hugsaði ekki um þau þá. En það hefði glögggt mátt sjá hversu oft og hve mikið jarðeldar skiluðu afurðum sínum yfir Austurland í aldanna rás. Stundum var vossamt að enda svarðargröf ef milliveggurinn kom inn sem hendi væri veifað að mönnum óvörum þegar verið var að klára botn. Stóðu menn þá snögglega í vatni í hné eða klyftir og þótti ekki tiltökumál. Rétt undir botni var urð. Maður gat stungið álmunum á svarðarkvíslinni ofan í grjótið. Það var svona rúmlega lengd tindanna. Landið í kringum grafirnar varð fljótlega mjög þurrt, þúfur ekki stórar og strjálar. Þarna höfðu í fyrndinni verið keldur. Efsti jarðvegurinn var ekki notaður í neitt nema ef útvega þyrfti hausa í

vegghleðslu, þeirri stungu var yfirleitt hent ofan í næstu gröf sem var við hliðina. Næsta stunga sem var önnur stunga, það var kallaður torfsvörður, hann var nýttur og notaður í flór og eða til að þurrka upp á annan hátt undir skeppnum og til að láta rjúka í hlóðunum í gamla bænum til að reykja kjötið. Honum var ekið á þurkvöll og klofinn í fremur þykkar skánar. Síðan var eldiviðarsvörður fjórar sungur niður að vatnsborði og sandlagi að auki. Tveir voru niðri, annar stakk hnausana. Stær þeirra markaðist jafnan af lögun rekublaðsins. Lengd eða hæð um 28cm og 4 hliðar um 18 cm á breidd hver. Þeim var lyft upp á bakkan með skaftlangri kvísl tveggja arma svarðarkvísl. Uppi á bakkanum var fólk, oftast krakkar og unglingar sem tóku hnausana með berum höndum eða stuttum kvíslum og stöfluðu upp í hlaða og sneru hnausarnir þar upp á endann. Varð að byrja hæfilega langt frá að setja niður fyrstu köggla svo nægilegt pláss yrði á bakkanum fyrir allan svörðinn úr gröfinni. Þegar komið var niður að vatnsborði var oft gert hlé á og farið í önnur verk í nokkra daga og sveriðinum sem kominn var ekið á hestakerru á þurkvöll sem alltaf var bæði á Kvíahrauni og Kvíabóli. Þá kom gott pláss við gröfina og styttra að bera af bakka sem kallað var. Næst var grafið til botns fjórar stungur og á þá fimmtu ef vel tókst til í botni. Síðan var rest ekið á þurkvöll. Það voru fyrstu verk sem ég vann í félagsskap við hest að teyma hann með svarðarkerruna. Lauga föðursystir mín klauf alltaf svörðinn í skánar á þurkvellinum frá því að ég man eftir og þangað til að síðasta gröfin var tekin 1949. Helgi bróðir minn og eldri systur mínar voru í fyrstunni í því að kasta sverðinum upp á bakkann en pabbi stakk alltaf. Þegar ég fór að muna eftir var Þórhalla systir alltaf í því að kasta upp úr gröfinni síðan var Indriði bróðir á undan mér. Ég var svo við það síðustu árin eða þar til við pabbi tókum upp síðustu gröfina vorið 1949. Vorum tveir, enginn á bakka. Ég kastaði hnausunum svo langt að þeir komu ekki í hausinn á okkur aftur. Svo ók ég út af bakkanum þegar stefndi í óefni. Sumarið 1950 var byggð rafstöð við ána og svörður tekinn út af dagskrá. En þetta var skemmtileg vinna að taka upp svörð, sérstaklega þegar verið var að enda gröfina eins og áður er lýst. Ein svona stór gröf entist ekki alltaf fyllilega til ársins. Um tíma var tekin önnur gröf minni á öðrum stað annað hvert ár.

Að norðanverðu í sundinu þar var grafarformið um 4,5m á lengd. Þá urðu fyrningar af sverið og þurfti því ekki nema annað hvert ár. En áður en tekin var spildan austureftir að framan stærð sem áður var lýst, var grafið norðureftir að utan og inn með Kvíabóli. Þær grafir voru styttri hannaðar eða um 4,5m og voru teknar tvær á ári.

Áður en þessi svarðargrafarsaga byrjaði var tekinn upp svörður yst í Stekkablánni að norðanverðu uppundir kílómetur frá bæ. Þar var eittsinn tekin gröf sem ég tók þátt í, ég held að pabbi hafi gert sér það til gamans til að rifja upp hvernig sá gamli góði svörður var. Þar kom upp mjög

svartur svörður og svo sprek- og lurkóttur að hnausarnir tolldu ekki saman og gerði erfitt um vik. Mestu mun hafa ráðið um að þessi góði svörður var aflagður í Stekkablánni að mjög erfitt var að komast á þurrkvöll og enn meiri þraut að koma honum heim nema á klökkum eða bera hann á bakinu.

Þorkell á Fljótsbakka mun hafa komið við sögu þegar verið var að spá í svarðartekjuna heim við bæ í Skógargærði. Ómögulegt var að segja til um hvað fólst í svona mýrum, hvað svörðurinn var djúpur og hversu góður hann var. Þorkell hafði bor sem hann fór með um sveitir og leitaði að sverði sem borgaði sig að hefja vinnslu á. Aðstæður þurftu að vera fyrir hendi svo hægt væri að hasla sér völl. Það var útrennslið úr mýrinni sem var ákjósanlegt hér við nýju grafirnar.

Umfang grafanna í dag er um 1120m^2 og rúmmetrar 3920. Stór gröf er um 45m^3 . Sigga systir telur að byrjað hafi verið á þessum gröfum um 1910.

Hér verður sagt frá nokkrum óhöppum sem komu fyrir við svarðarvinnu. Heimildarmaður að tveimur er Sigga systir mín. Hún telur að það hafði verið 1920 eða rúmlega það að Helgi og Hulda voru að aka sverið út á Kvíahraun á Fossvallabrún sem pabbi hafði keypt af Gunnari um veturinn. Hesturinn fældist á Kvíahrauninu með fulla kerruna. Þar var staksteinótt og hún valt. Klárinn hefur kannski ekki verið öruggur kerruhestur, hann var nýr hér og ekki nóg þekktur. Helgi er um tíu ára þegar þetta skeði. Hesturinn fótbrotnaði illa, jafnvel tvíbrotinn á sama fæti. Helgi fór svo upp í land að segja pabba frá þessu. Hann var þar að grafa skurði. Hann sendir svo út í Rangá og Björn fenginn til að skjóta hestinn.

Svo var það 1923 að Helgi var að taka upp svörð með elstu systrunum sem kom oft fyrir, þá stakk Helgi. Tvær þær minnstu, Þórhalla og Gulla voru að leika sér á grafarbakka þar nokkuð frá. Þá dettur Þórhalla framm af. Helgi bregst við svo fljótt sem hann gat en þurfti bæði yfir láð og lög til að komast beint til krakkans en náði í hárið þegar henni skaut upp í annað sinni.

Það var sumarið 1943 þegar ég fermdist að ég var að aka sverið á Grána upp á Kvíaból. Upp á bólið var stutt en bratt snið. Neðst í sniðinu í einni ferðinni valt kerran. Kjálkarnri settu Grána á hliðina og svo á hrygginn. Þegar þessu var lokið rétti Gráni upp hausinn og ætlaði samkvæmt eðli málsins að fara að brjótast um. Ég hugsaði fyrst: það má ekki. Þá gátu aktýgin slitnað, kerran brotnað og Gráni jafnvel skaðað sig og hvert um sig var mikill skaði. Ég stóð við hausinn á honum þegar veltunni var lokið því ég hafði hann jú í taumi. Ég tók undir eins yfir makkann og hálsinn og reyndi að þrýsta honum niður og gæla við hann. Hann gaf sjálfur eftir

smátt og smátt og ég fann að það slaknaði á vöðvum hans. Hestar eru oft svo hlýðnir við krakka og þola þeim yfirráð betur en fullorðinna. Þegar hann fór að láta hausinn síga lagðist ég af öllum þunga yfir hálsinn og hafði aðra hendina fram á snoppu og talaði sjálfsagt mjög viturlega við hann en síðast lág hann með höfðuði grafkyrr á grasinu. Þá byrjaði ég að teygja mig eftir splittunum með annarri hendi en varð að halda hinni á höfði hans. Annars fannst mér hann gera sig líklegan til að hreyfa sig. Það að ég hélt áfram að styðja þýddi fyrir hann að hann var ekki laus. Á nokkuð löngum tíma tókst mér að ná splittunum úr og járnunum við aktýgin úr kjálkunum. Alltaf lág Gráni kyrr. Lokst skreið ég ofan af honum, tók í tauminn og bauð honum að standa upp, þá hríðskalf ég en Gráni var afslappaður.